

MPL 4.7.92

Íslendingar búa við hand- ónýtt og ógegnsætt launakerfi

MORGUNBLAÐINU hefur borist eftirfarandi yfirlýsing frá þingflokki Kvinnalistans frá 2. júlí 1992 í tilefni úrskurðar Kjaradóms um launakjör ráðherra, þingmanna og einstakra embættismanna:

„Á undanförunum árum hafa forystumenn í stjórnarkerfinu, með ráðherra í broddi fylkingar, staðið gegn hvers kyns leiðréttingum á launakjörum einstakra hópa á vinnumarkaði. Í kjaraviðræðum hafa þeir ekki ljáð máls á öðru en heildarlausnum fyrir allt launa-

■ FRAMKVÆMDASTJÓRN

Þjónustusambands Íslands hefur sent frá sér fréttatilkynningu þar sem það mótmælir harðlega tugprósenta hækkun launa einstakra hópa sem gekk í gildi 1. júlí 1992 samkvæmt ákvörðun kjaradóms. „Á meðan almennt launafólk verður að sætta sig við 1,7% hækkun frá 1. maí sl. ÞSÍ skorar á ríkisstjórnina að kalla alþingi nú þegar saman og setja ný lög um kjaradóm,“ segir í fréttatilkynningunni.

fólk, sem hafa falið í sér mjög óverulegar kauphækkanir. Það skýtur því óneitanlega skökku við að þeir sem mótað hafa þessa stefnu skuli nú fyrstir allra fá leiðréttingu á sínum launum. Þeim ber því, öðrum fremur, siðferðileg skylda til að benda á leiðir til að taka á þeirri stöðu sem upp er komin í kjaramálum, eigi þeir ekki að glata öllu trausti og trúverðugleika hjá launafólki.

Það er gömul saga og ný að miklar hömlur á samningsrétti launafólks, hvort sem er í formi lagasetningar eða þrýstiaðgerða af hálfu framkvæmdavaldsins, auka launamun í samfélaginu. Í því sambandi vill þingflokkur Kvinnalistans benda á að samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun hefur tekjumunur verið að aukast á Íslandi á undanförunum

árum, en þó mest milli ára 1989 og 1990 eftir að taxtakaup og innbyrðis staða launafólks var fryst með sk. þjóðarsátt. Á þessu tímabili færðist tæpur milljarður frá tekjulægri hóp launafólks til þess tekjuhærri. Það má því færa þung rök fyrir því að frysting taxtalauna hafi í raun aukið svigrúm atvinnurekenda til að hækka laun hinna tekjuhærri sem eru í aðstöðu til að gera einstaklingsbundna samninga um kaup sitt og kjör.

Því hefur verið haldið fram að við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslífi eigi hvorki né megi gera kerfisbreytingar á því tvöfalda launakerfi sem viðgengst hér á landi. Þingflokkur Kvinnalistans er ósammála þessu og telur slíkar breytingar bæði mikilvægar og tímabærar einmitt núna ef takast á að draga úr launamun í íslensku samfélagi, ekki sist milli karla og kvenna. Tvær af hverjum þremur konum taka laun samkvæmt töxt-

um verkalýðsfélaga en aðeins einn af hverjum þremur körlum enda njóta þeir í mun ríkari mæli hvers kyns aukagreiðslna. Þannig nam hlutfall heildaraukagreiðslna af dagvinnu hjá ráðuneytum og helstu stofnunum ríkisins árið 1991 74,2% hjá körlum en 41,8% hjá konum. Þessar aukagreiðslur hafa tíðkast í mörg ár og þeir stjórnmalamenn sem setið hafa við stjórnvöl í ráðuneytum um langt árabil hafa ákveðið þessi launakjör. Það er skoðun þingflokksins að mikilvægt sé að taka á þessu neðanjarðarlaunakerfi sem beint og óbeint vinnur gegn þeim sem taka laun samkvæmt umsömdum launatöxtum.

Þingflokkur Kvinnalistans er sammála þeirri grunnhugmynd í úrskurði Kjaradóms að afnema beri aukagreiðslur og ákvarða heildarlaun æðstu starfsmanna ríkisins. Verði þessari ákvörðun Kjaradóms fylgt eftir þýðir hún launalækkun hjá stórum hópi

æðstu embættismanna. Þá telur þingflokkurinn að dómurinn hafi gert leiðréttingar á innbyrðis launum þess hóps sem undir hann heyrir, sem m.a. þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa, hafa lengi talað um í sínum hóp að væru réttmætar. Engu að síður hljótum við að vekja athygli á og mótmæla því launamisrétti sem viðgengst í íslensku samfélagi og gert er sýnilegt með úrskurðinum. Þá orkar það líka mjög tvímælis, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að þingmenn og ráðherrar fái leiðréttingu sem öllum öðrum er sýn- að um, ekki sist þar sem hún hefur talsverðan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Það er skoðun þingflokksins að slík leiðrétting hefði ekki átt að hafa hlutfallslega meiri kostnað í för með sér en fyrirjáanlegar launahækkanir á almennum vinnumarkaði.

Þingflokkur Kvinnalistans er tilbúinn til að standa að því að þing verði kallað saman þegar í júlí og breyting gerð á lögum um Kjaradóm ef það má verða til að leysa þann hnút sem launamál í landinu eru nú komin í. Þingflokkurinn er aftur á móti ekki tilbúinn til að ógilda úrskurð Kjaradóms með lögum og hverfa aftur til fyrra horfs. Úrskurður Kjaradóms sýnir svo ekki verður um villst að við búum við handónýtt og ógegnsætt launakerfi sem viðheldur lágum launum og vinnur gegn jöfnuði og jafnrétti. Að ásaka Kjaradóm fyrir þetta kerfi er að hengja bakara fyrir smið.